



LANDSSAMTÖKIN  
HEIMILI OG SKÓLI

Alþingi  
Erindi nr. P 121/1846  
komudagur 30.4.197

Reykjavík, 20. 06. 1996

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
Drífa Pálsdóttir

DÓMS- OG VIKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 21 JÚNÍ 1996
Málsnr.: 96060155
Bréfal.: 163-6

**Varðar: Hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár**

Landssamtök foreldra, Heimili og skóli þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um hækkun sjálfræðisaldurs. Samtökin styðja þessa breytingu og vilja nefna eftirtalin rök.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður. Ungt fólk dvelur lengur í foreldrahúsum en áður t.d. vegna skólagöngu og/eða atvinnuleysis. Unglingstímabilið hefur lengst og foreldrar taka lengur ábyrgð á framfærslu barna sinna en áður tíðkaðist.

Foreldrar hafa átt erfitt um vik að fá upplýsingar um ástundun og árangur nemenda í framhaldsskóla þrátt fyrir að þessir nemendur séu alfarið á framfæri foreldra sinna. Margur unglingsurinn hefur flosnað upp úr skóla án þess að þeir sem næst honum standa hafi fengið tækifæri á ábyrgan hátt að koma að málum í samvinnu við skólann. Fyrir utan brotna sjálfsmýnd unglinga veldur slíkt foreldrum og þjóðfélaginu í heild ómældu fjárhagslegu tjóni

Breytingin undirstrikar ábyrgð foreldra á framfærslu unglings og tryggir honum dvöl í foreldrahúsum a.m.k. til 18 ára aldurs sem er hagsmunamál á tímum atvinnuleysis. Þeir unglingsur sem búa við svo óblíðar aðstæður í heimahúsum að þeir vilja eða verða að fara að heiman munu að sjálfsögðu eiga rétt á aðstoð yfirvalda til að losna úr slíkum hremmingum.

Breytingin styrkir foreldravaldið varðandi húsaga en hindrar ekki svigrúm einstaklinga með ábyrgan og heilbrigðan lífsstíl.

Unglingar sem þurfa vímumeðferð hafa komist upp með að hafna meðferð á grundvelli sjálfræðis og þannig farið sér að voða án þess að foreldrar gætu gripið inn í (nema með sjálfræðissviptingu sem fái foreldrar treysta sér til.) Meðferðarúrræði ættu því að nýtast betur þeim sem komnir eru á villigötur.

Heimili og skóli fagnar því að loks virðist einhver skriður kominn á umræðuna um hækkun sjálfræðisaldurs og skorar á stjórnvöld að láta þetta brýna hagsmunamál foreldra og unglings ekki dragast lengur.

Virðingarfyllt

F.h. Heimilis og skóla

*Unnur Halldórsdóttir*

Unnur Halldórsdóttir



## BARNAVERNDARARRÁÐ

Laugavegur 36 • 101 Reykjavík

SÍMI 11795 & 621588 • MYNDSENDIR 624486

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík  
b.t. Drífu Pálsdóttur

Reykjavík 26. júní 1996

*Efni: Umsögn Barnaverndarráðs um hækkun sjálfræðisaldurs  
úr 16 árum í 18 ár.*

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til Barnaverndarráðs, dagsettu 14. júní sl., er óskað umsagnar ráðsins um hækkun sjálfræðisaldurs einstaklinga úr 16 árum í 18 ár. Á síðasta löggjafarþingi voru lögð fram tvö frumvörp um slíka breytingu á lögræðislögum, mál nr. 456 og 457. Óskað var umsagnar Barnaverndarráðs um bæði frumvörpin með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 29. maí 1996. Meðfylgjandi er afrit umsagnar Barnaverndarráðs um frumvörpin þar sem skoðun ráðsins á umræddu álitaefni kemur fram.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarráðs

*Guðrún Erna Hreiðarsdóttir*  
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 27 JÚNÍ 1996
Málanr.: <u>96060155</u>
Bréfal.: <u>103-6</u>



## BARNAVERNDARRÁÐ

Laugavegur 36 • 101 Reykjavík

SÍMI 11795 & 621588 • MYNDSENDIR 624486

### *Umsögn Barnaverndarráðs um frumvörp til laga um breytingu á lögræðislögum, 456. og 457 mál.*

Í frumvörpum til laga um breytingu á lögræðislögum, mál nr. 456 og 457, sem lögð voru fram á 120. löggjafarþingi, er gert ráð fyrir hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár. Barnaverndarráð er fylgjandi slíkri breytingu nú þar sem það telur þau rök sem mæla með henni vega þyngra en þau rök sem kunna að mæla gegn henni. Er þar einkum um að ræða eftirfarandi: Þjóðfélagsaðstæður hafa breyst með þeim hætti að ungmenni dvelja almennt mun lengur í foreldrahúsum en áður og eru þannig í raun undir verndarvæng og handleiðslu foreldra eftir að sjálfræðisaldri samkvæmt gildandi lögum er náð; samræming við sjálfræðisaldur hjá nágrennapjóðum sem er 18 ár; með hækkun sjálfræðisaldurs verður auðveldara að beita nauðsynlegum stuðningsúrræðum vegna 16 - 18 ára ungmenna sem eiga í vanda svo sem vegna vímuefnaneyslu.

Barnaverndarráð telur tímabært að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár eins og áður sagði, en það telur einnig nauðsynlegt að huga að málinu í víðara samhengi. Með hækkun sjálfræðisaldurs er í raun verið að framlengja ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna. Að mati Barnaverndarráðs er einnig tímabært að ábyrgð og skyldur samfélagsins við börn og fjölskyldur þeirra verði tekin til ítarlegrar endurskoðunar til samræmis við þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa. Sú staðreynd að börn eru mun lengur í foreldrahúsum en áður er fjárhagslegur baggi á fjölmörgum heimilum. Ungafólkið er flest í námi og tækifærum til tekjuöflunar í fríum hefur fækkað. Að mati Barnaverndarráðs þarf að styðja fjölskyldur með ungmenni á sínu framfæri og telur nauðsynlegt að það verði gert m.a. með breytingum á skattalögum þannig að til komi með einhverjum hætti afsláttur á sköttum slíkra fjölskyldna. Barnaverndarráð leyfir sér að leggja til að 6. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 verði breytt á þann veg að börn verði sjálfstæðir skattaðilar við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og nú er; foreldrum

verði greiddar barnabætur til 18 ára aldurs í stað 16 ára sbr. 69. gr. s.l.; og  
loks að persónuafsláttur samkvæmt 68. gr. laganna verði að einhverju leyti  
millifæranlegur frá börnum til foreldra þegar hann nýtist börnunum ekki.

Reykjavík 26. júní 1996

f.h. Barnaverndarráðs

*Guðrún Erna Hreiðarsdóttir*  
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir

# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
☎ (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



Sam 251/1996 PS/IH

Reykjavík 1. júlí 1996

## **Umsögn um hækkun sjálfræðisaldurs**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. júní sl. var tekið fyrir bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 14. janúar 1996, þar sem óskað er umsagnar um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár.


Stjórnin mælir með því að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár og vísar í því sambandi til ályktunar 52. fulltrúaráðsfundar sambandsins sem haldinn var 8. og 9. mars sl. og fylgir með bréfi þessu.

Virðingarfyllt,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
frú Drífa Pálsdóttir  
Arnarhváli  
150 REYKJAVÍK

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁDUNEYTIÐ	
Innk.:	3 JÚLÍ 1996
Málsnr.:	96060155
Bréfal.:	163-6



*Ályktun  
um vímuefnavarnir*


Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga skorar á sveitarfélögin að leggja sitt af mörkum í baráttunni við fíkniefnavandamálið, sem teygir anga sína um allt land. Brýnt er að þau leggi verulega áherslu á forvarna- og fræðslustarf fyrir unglunga og fjölskyldur þeirra. Auk þess eru þau hvött til þess að bjóða upp á raunhæfa aðstoð og umönnun fyrir þá sem ánetjast hafa fíkniefnum. Aukinn stuðningur við íþrótt- og æskulýðsfélög er ein besta leið í forvarnarstarfi.

Skorað er á forsvarsmenn íþrótt- og æskulýðsfélaga að þeir sjái til þess að vímuefnum sé haldið frá öllu félagsstarfi. Víma, íþróttir og æskulýðsstarf eiga ekki samleið.

Fulltrúaráðið óskar jafnframt eftir því að ríkisstjórnin móti og leggi fram sem allra fyrst raunhæfa stefnu í vímuvarnamálum og afbrotavörnum. Heildarstefnu í þessum efnum vantar átakanlega. Þá er og skorað á stjórnvöld að beita sér þegar fyrir raunhæfri endurskoðun og endurbótum á stöðu fíkniefnarannsókna og fíkniefnalöggæslu. Nauðsynlegt er að auka sjálfstæði fíkniefnalögreglunnar og stytta allar boðleiðir til þess að hún geti brugðist skjótt við hvar og hvenær sem er. Fulltrúaráðið felur stjórn sambandsins að beita sér fyrir því, að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 í 18 ár þegar á yfirstandandi þingi.

Fulltrúaráðið hvetur ennfreður Samband íslenskra sveitarfélaga til þess að beita sér fyrir því að fram komnar tillögur vinnuhóps sambandsins um fíkniefnamál verði fylgt eftir jafnt í einstökum þáttum sem í heild sinni. Jafnframt eru einstök sveitarfélög hvött til þess að fylgja tillögunum eftir, hvert fyrir sig.

l v m  
df



FÉLAGSMÁLASTJÓRI

AKUREYRARBÆR  
FÉLAGS- OG FRÆDSLUSVIÐ

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,  
b.t. Drífu Pálsdóttur deildarstjóra  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík.

### Hækkun sjálfræðisaldurs.

Varðandi hækkun sjálfræðisaldurs er það að segja að við teljum hana verða mikið heillaspor sem eðlilegt sé að stíga sem fyrst. Að því loknu verður mun auðveldara en nú er að koma til aðstoðar þeim unglíngum sem mest þurfa á því að halda og hafa meiri og lengri samfellu í meðferðarúrræðum þeirra en nú er unnt.

Akureyri 24. júní 1996

*Valgerður Magnúsdóttir*  
Valgerður Magnúsdóttir, félagsmálastjóri

DÓMS- OG  
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innk.: 25 JÚNÍ 1996

Málsnr.: 96060155

Bréfai.: 163-6



l v a  
D

16.07.96 VB/ee

Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri,  
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,  
Amarhvoli.


Farið er fram á við Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans að láttin verði í té umsögn um hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur einstaklinga úr 16 árum upp í 18 ár.

Í bréfi frá yfirlækni deildarinnar þann 07.06.93 er gefið það álit á sömu fyrirspurn, að mælt er með hækkun sjálfræðisaldurs upp í 18 ár.

Ég staðfesti hér með, að við á Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans erum enn sama sinnis, að við teljum rétt að hækka sjálfræðisaldur upp í 18 ár. Það er okkur þó áhyggjuefni enda málið okkur mjög skylt, að við hækkun sjálfræðisaldurs um 2 ár, framlengir ríkisvaldið verulegar skyldur gagnvart ungmönnum, sem vissulega er ekki vanþörf á. Þessar auknu skyldur ríkisvaldsins við aldurshópin 16 - 18 ára krefjast umtalsverðrar styrkingar á meðferðar- og stuðningsúræðum fyrir þá sem standa höllum fæti af einhverjum ástæðum. Það er því mikið áhyggjuefni hjá okkur að við setningu þessarra laga muni ekki tekið mið af þeim afleiðingum sem þau hafa í för með sér og því verði ekki aðstaða til þessa að framfylgja lögunum svo sem vera ber. Við þekkjum dæmi um svipað s.s. úr menntakerfinu.

Taka má fram, að við tökum undir þá grein í álitinu gefnu héðan frá 07.06.93, að bera geri afbrotamönnum undir 18 ára aldri mögulegt að hljóta sérstaka meðferð í fangelsi.

Virðingarfyllst,

  
Valgerður Baldursdóttir  
yfirlæknir

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 19 JÚLÍ 1996
Málsnr.: 96060153
Bréfal.: 163-6



# BARNAGEÐLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Association for Child- and Adolescent Psychiatry)

27.8.97

Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið  
c/o Stefán Eiríksson deildarstjóri  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 29 ÁGÚ, 1996
Málsnr.: 96060153
Bréfal.: 163-6

Í bréfi Dóms og Kirkjumálaráðuneytisins til Barnageðlæknafélags Íslands, dags. 12. 7.96 er farið fram á að félagið veiti ráðuneytinu umsögn um það hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur einstaklinga úr 16 árum í 18 ár.

Barnageðlæknafélagið þakkar ráðuneytinu fyrirspurnina.

Því miður hafa sumarleyfi valdið því að svar félagsins var ekki sent fyrir 1.8.96 eins og farið var fram á, en nú hefur stjórn félagsins fjallað um málið og komist að einhuga niðurtöðu.

Þess má geta að 23.11.95 hélt félagið fund um þetta mikilvæga mál og í fundinum tóku þátt fulltrúar ýmissa aðila og stofnana. Fram fór góð umræða sem skýrði flest sjónarmið sem því tengjast þótt ekki væri samþykkt nein ályktun.

Niðurstaða áframhaldandi umræðna í Barnageðlæknafélaginu varð sú að mælt er eindregið með því að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður um tvö ár.

Sérstök rök sem blasa við á starfsvettvandi barnageðlækna eru þau að það hefur oft verið til verulegs óhagræðis við meðferð unglunga að frá 16 ára aldri að þeir hafa getað ákveðið sjálfir hvort þeir taki meðferð, nema til komi sjálfræðissvipting. Fram að þeim aldri hafa foreldrar þeirra getað ákveðið hvort meðferð skuli tekið jafnvel í trássi við unglinginn. Við teljum að 16 og 17 ára unglingar eigi svo margt sameiginlegt með þeim sem yngri eru að rétt sé að sömu reglur gildi um þá að flestu leyti. Beiting sjálfræðissviptingar þessa aldurflokks gerir meðferð flóknari og sársaukafyllri en nauðsyn ber til.

Einnig teljum við það mikilvægt atriði að það verði frekar en nú er gert afdráttarlaust að foreldrar beri ábyrgð á velferð afkomenda sinna meðan þeir þurfa þess. Margir 16 og 17 ára unglingar þarfnast nauðsynlega forsjár foreldra sinna, sérstaklega þeir sem ekki tekst að komast klakklaust gegnum unglingsárin.

Þess ber að geta að sérfræðimörk barna og unglिंगageðlækniga gagnvart almennum geðlækningum eru víðast hvar 18 eða jafnvel 20 ár. Þessi mörk stafa m.a. af ofanefndu, þ.e. svipuðu eðli og hagsmunum barna og unglunga upp að þessum aldri. Að vísu eru þau mörk ekki alltaf ótvíræð í almennri sjúklingavinnu. Fyrir kemur vissulega að almennar geðdeildir taki að sér meðferð unglunga sem þegar eru fullþroskaðir eða komnir með sjúkdómsmynd sem algengari er hjá fullorðnum. Breyttur sjálfræðisaldur mundi ekki há slíkri meðferð.

Stjórn Barnageðlæknafélags Íslands telur mikilvægt að koma ábyrgð á unglungum, einnig hinna 16 og 17 ára, í hendur foreldrum. Nokkur öfugþróun hefur átt sér stað á undanförunum árum, sem komið hefur fram í aukinni fíkniefnaneyslu um allt land, óeirðum í Miðbæ Reykjavíkur og vandræðum á útihátíðum. Lögregla hefur átt í vök að verjast við að stöðva þessa öfugþróun. Hækkaður sjálfræðisaldur ásamt ótvíræðum útivistarreglum ætti að geta orðið eitt helsta úrræði gegn þessu vandamáli. Við teljum nauðsynlegt að vernda unglungana fyrir þeim bússifjum sem mógæsing, kófdrykkja, ofbeldi og afbrot geta orðið fyrir lítt harnaða einstaklinga. Til að hindra slík vandræði


teljum við nauðsynlegar ýmsar forvarnaráðstafanir. Hækkaður sjálfræðisaldur mundi geta stuðlað að slíku ef rétt er á haldið.

Við teljum einnig rétt að Íslendingar láti sömu reglur gilda um þennan aldursflokk eins og algengast er í nágrannalöndum okkar. Fyrir nokkrum áratugum byrjuðu Íslendingar fyrir að taka fullan þátt í samfélaginu en algengast var í nágrannalöndum okkar og mun hinn lági sjálfræðisaldur m.a.stafa af þeirri staðreynd. Við teljum að þessi munur á samfélögunum sé ekki lengur fyrir hendi. Menntavegur unglínganna er miklu lengri en fyrir og þarafleiddandi þörf fyrir forsjá og stuðning foreldranna.

Margt fleira mætti vissulega taka fram um þetta mál, en hér verður látið staðar numið.

Barnageólæknafélag Íslands óskar ráðuneytinu velfarnaðar við þessa mikilvæg vinnu.

Virðingarfyllt



Páll Ásgeirsson  
formaður

# Umboðsmaður barna

Dómsmálaráðuneytið  
b.t. Drífu Pálsdóttur skrifstofustjóra,  
Arnarhvoli,  
150 Reykjavík.


Reykjavík, 8. júlí 1996.  
Tilv. B 31/1996.

Vísað er til bréfs yðar, dagsett 14. júní 1996, þar sem þess er farið á leit við mig að ég gefi ráðuneytinu umsögn um hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur einstaklinga úr 16 árum, eins og nú er, í 18 ár. Tilfni þessa er endurskoðun lögræðislega nr. 68/1984 á vegum ráðuneytisins.

Með bréfum, dagsettum 29. maí 1996, frá allsherjarnefnd Alþingis voru mér send til umsagnar tvö frumvörp til laga um breytingu á lögræðislögum nr. 68/1984. Bæði þessi frumvörp leggja til sömu breytingu á 1. gr. núgildandi lögræðislaga, þ.e. að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár.

Í dag sendi ég allsherjarnefnd Alþingis umsögn mína um þessi frumvörp. Sem svar mitt við bréfi yðar, dagsettu 14. júní 1996, sendist yður hér með þessi umsögn mín í ljósriti.

Virðingarfyllst,

  
Þórhildur Lindal

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 9 JÚLÍ 1996
Málsnr.: 96060153
Bréfal.: 163-6

Aðsetur og pósthfang:  
Hverfisgata 6, 5. hæð  
150 Reykjavík

Kennitala:  
591294-2969

Sími:  
552 8999

Bréfasími:  
552 8966



# Kennarasamband Íslands

Kennarahúsinu  
Laufásvegi 81 · IS-101 Reykjavík  
Sími/Tel: 562 4080 · Fax: 562 3470  
Netfang: ki@ismennt.is

Dómsmálaráðuneytið  
b.t. Drífu Pálsdóttur  
Arnarhvoli  
150 R

Reykjavík, 19. júní 1996

Kennarasambandi Íslands hefur borist bréf ráðuneytisins dags. 14. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn þess um það hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur einstaklinga úr 16 árum, eins og nú er, í 18 ár.

Þegar um slíkt álitaefni er að ræða þarf að efna til skoðanaskipta og víðtækrar umræðu meðal félagsmanna eða a. m. k. meðal þeirra sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Fundir í stjórn, fulltrúaráði og skólamálaráði Kennarasambands Íslands voru haldnir í byrjun þessa mánaðar og verður ekki boðað aftur til funda fyrr en að loknu sumarleyfi.

Frestur til að skila umsögninni rennur út 8. júlí nk. og við sjáum okkur ekki fært að skila henni fyrir þann tíma.

Virðingarfyllst  
f.h. Kennarasambands Íslands

Guðrún Ebba Ólafsdóttir varaform.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 20 JÚNÍ 1996
Málsnr.: <u>96060/55</u>
Bréfal.: <u>163-6</u>

lsm  
DP

Dagsetning

Tilvisun

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
B.t. Drífu Pálsdóttur  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

25.6.1996

96060040

DÓMS- OG  
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ036  
IB/--

Innk.: 27 JÚNÍ 1996

Málsnr.: ~~96050462~~ 96060155

Bréfál.: 031/ 163-6

Vísað er til bréfs yðar, dags. 14. júní sl., um umsögn um hækkun sjálfræðisaldurs einstaklinga úr 16 í 18 ár. Félagsmálaráðuneytið vill bæta eftirfarandi atriðum við fyrri umsögn sína, dags. 1. júlí 1993. Þau snúast um líkur á auknum útgjöldum til barnaverndar í ljósi hugsanlegrar hækkunar sjálfræðisaldurs. Hér er þó einungis um grófa áætlun að ræða.

Engin sérhæfð meðferðarræði eru til fyrir aldurshópin 16 til 18 ára og mun reynast óhjákvæmilegt að setja þau á laggirnar. Árlega vistast nokkur ungmenni á þessum aldri á vegum Barnaverndarstofu en heimilin eru almennt ekki undir það búin að þjóna þessum hópi enda miðast starfsemin við aldurinn 13 til 16 ára.

Þá má búast við að mun algengara verði að ungmenni sem að öðru jöfnu útskrifast úr meðferð við 16 ára aldur dvelji lengur á meðferðarheimilum. Líkur eru því á að lengri vistunartími valdi því biðtími og biðlistar lengist hjá yngri aldurshópnum ef ekki verður brugðist við í tíma.

Rétt er einnig að líta til þess að nýlega voru gerðar breytingar á meðferðarþjónustu ríkisins á þann veg að sjálfráða einstaklingar, 16 ára og eldri, skuli leita til sjúkrastofnana sem veita fullorðnum þjónustu nema í undantekningatilvikum. Þessar breytingar voru m.a. gerðar með tilliti til þess að að reynslan af því að blanda saman meðferð sjálfráða og ósjálfráða einstaklingum var ekki góð, þar sem sjálfráða einstaklingarnir hurfu á braut áður er meðferðartíma var lokið.

Að lokum er rétt hugleiða hvort samhliða hækkun sjálfræðisaldurs verði gerðar breytingar á almennum hegningarlögum þannig að vistun á meðferðarheimili komi til viðbótar fangelsum við ákvörðun um refsingu. Ekki síst með hliðsjón af c. lið 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, má búast við að kröfur verði gerðar til íslenskra stjórnvalda um að börn verði aðskilin frá fullorðnum ef til frelsisviptingar kemur. Undanfarin ár hafa 2 til 3 einstaklingar undir 18 ára aldri verið dæmdir til refsivistar árlega.

Í ljósi framangreindra atriða liggur fyrir að hækkun sjálfræðisaldurs felur óhjákvæmilega í sér aukin útgjöld ríkisins til barnaverndarmála, einkum vegna fjölgunar meðferðarheimila. Setja þyrfti á laggirnar sérhæft heimili fyrir 16 til 18 ára ungmenni og er áætlaður árlegur rekstarkostnaður um 30 m.kr., og fjölga þyrfti öðrum meðferðarheimilum um a.m.k. eitt vegna fyrirsjáanlegrar lengingar meðferðartíma, þar er áætlaður rekstarkostnaður milli 20 - 25 m.kr. Ennfremur má reikna með útgjaldaauka vegna annarra atriða sem hér eru nefnd að framan þó erfitt sé að slá nokkru föstu um fjárhæðir.

Þrátt fyrir að um töluverða útgjaldaaukningu yrði að ræða vegna meðferðarræða fyrir ungmenni aldrinum 16 til 18 ára ef af hækkun sjálfræðisaldurs, vill ráðuneytið taka fram að þegar til lengri tíma er litið má leiða líkur að því að aukning meðferðarræða fyrir ungmennin muni leiða til lækkunar útgjalda á öðrum sviðum, t.d. að draga muni úr fjárhagstjóni vegna síbrota einstaklinga á umræddum aldri og kostnaði við löggæslu og heilbrigðisþjónustu.

F.h.r.

Póstfang og aðsetur:

Hafráhusinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Sími:

560 9100

Símnafni:

Socice

Telex:

3000  
simtex is/

Myndsendir:

552 4804/  
Félagsmálaráðuneyti

Kennitala:

540169-4119




Dagsetning

Tilvisun

Dómsmálaráðuneyti,  
B.t. Áslaugar Þórarinsdóttur,  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

10.10.1996

96060040  
036  
IB/--



Vísað er til bréfs yðar, dags. 22. ágúst sl., þar sem óskað er eftir frekari rökstuðningi og skýringum á fyrirsjáanlegum útgjaldaauka vegna meðferðarúræða fyrir börn og ungmenni ef sjálfræðisaldur yrði hækkaður í 18 ár, sbr. bréf félagsmálaráðuneytis dags. 25. júní sl. Ennfremur er óskað eftir að gerð verði grein fyrir því hvort kannanir hafi farið fram á nauðsyn meðferðar fyrir ungmenni á aldursbilinu 16 - 18 ára.

*Fjöldi ungmenna 16 og 17 ára sem fara í meðferð vegna áfengis- og/eða fíkniefnavanda:*

Rétt er strax í upphafi að gera grein fyrir því að sérstakar kannanir á þörf fyrir sérhæfð meðferðarúræði hafa ekki verið gerðar. Á hinn bóginn liggja fyrir upplýsingar um innlagnir ungmenna 16 og 17 ára á ýmsum meðferðarstofnunum. Í ársskýrslu SÁÁ fyrir árið 1995 er greint frá því að aldrei hafi jafn margir undir tvítugsaldri leitað til samtakanna og undanfarin þrjú ár. Á árinu 1994 voru 64 innlagnir ungmenna á aldrinum 16 til 17 ára á Vog og á árinu 1995 voru þær 58. Til samanburðar má geta þess að innlagnir ungmenna 16 og 17 ára á Vog voru 25 á árinu 1988. Þá er einnig rétt að benda á að stórneytendum kannabisefna fjölgaði langmest í yngsta aldurshópi sjúklinga á Vog, þ.e. undir tvítugu. Ungt fólk undir tvítugu hefur reyndar verið stærsti hópur kannabisneytenda allt frá árinu 1987, sbr. ársskýrslu SÁÁ. Unglingarnir sem fara í meðferð hjá SÁÁ hafa margir flosnað upp úr skóla áður en skyldunámi er lokið. "Auk menntunarskorts gerir verulegur þekkingarskortur og jafnvel erfiðleikar við að lesa og skrifa þessum unglíngum erfitt fyrir að fá atvinnu.... Margir unglínganna búa við það að foreldrar eða foreldri sem þeir eru aldir upp hjá eru áfengissjúkir og um 70% þeirra verða að búa við það að foreldrar eða eldri systkini nota áfengi á heimili þeirra að meðferð lokinni." (Ársskýrsla SÁÁ 1995, bls. 17). Meðferðin á Vogu tekur að jafnaði 11 daga.

*Barnaverndarstofa* rekur samtals sex meðferðarheimili og meðferðarstofnanir, þar af er eitt ætlað börnum 12 ára og yngri. Árlega dvelja milli 10 og 12 ungmenni 16 og 17 ára á þessum heimilum. Þessi börn eiga ýmist við áfengis- og/eða fíkniefnavanda eða hegðunarerfiðleika að etja. Öll börn sem dvelja á meðferðarheimilum og stofnunum Barnaverndarstofu þurfa á sérhæfðri langtíma meðferð að halda. Meðferðin, sem fyrir hendi er nú þegar á vegum Barnaverndarstofu, er annars vegar meðferð á Stuðlum í allt að fjóra mánuði eða mun lengri meðferð annað hvort á lokaðri meðferðarstofnun eða fjölskylduheimili og getur dvöl varað í allt að tvö til þrjú ár.

Á *Teigi*, sem er deild innan Landspítala, hafa á þessu ári samtals dvalið 28 ungmenni sem fædd eru á árabílinu 1978 til 1980.

Athygli er vakin á því að framangreindar tölur gefa ekki til kynna fjölda einstaklinga í meðferð, heldur er hér um að ræða fjölda innlagna á stofnanir. Vitað er t.d. að á Vogu eru dæmi um að sama ungmenni innritist margsinis í meðferð. Á árinu 1995 var gerð tilraun til að meta fjölda 16 og 17 ára sem leita eftir áfengismeðferð og var þar áætlað að 40 til 63 einstaklingar hafi

Póstfang og aðsetur:

Hafnarhúsinu v/Tryggvagótu  
150 Reykjavík

Sími:

560 9100

Símnafni:

Socice

Telex:

3000  
simtex is/  
simnefni (socice)

Myndsendi:

552 4804/  
Félagsmálaráðuneyti

Kennitala:

540169-4119



innritast í áfengismeðferð á ári á árabílinu 1991 til 1994, en á þeim tíma voru Tindar starfræktir á vegum ríkisins.

*Neyslukannanir.*

Rannsókn unnin á vegum Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands á sl. vori sýndi að ríflega 40% pílta og um 20% stúlkna meðal framhaldsskólanema höfðu prófað ólögleg fíkniefni. Niðurstöður rannsókna benda enn fremur til þess að unglíngum, sem prófað hafa áfengi, fjölgi stöðugt í efstu bekkjum grunnskólans. Rannsókn sem gerð var á árinu 1995 sýndi að frá árinu 1989 hafði þeim sem prófað höfðu áfengi fjölgað úr 41% í 66% meðal 14 ára barna og úr 61% í 77% meðal 15 ára.

*Aukin þörf fyrir meðferðarúrræði verði sjálfræðisaldur hækkadur í 18 ár:*

Eins og fram kemur í fyrra bréfi félagsmálaráðuneytis, dags. 25. júní sl., til dómsmálaráðuneytis telur ráðuneytið fyrirsjáanlegt að í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs muni þörfin fyrir aukin meðferðarúrræði verða brýnni. Rökin fyrir því eru í fyrsta lagi að töluverður fjöldi ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára leitar nú þegar til hefðbundinna meðferðarstofnana. Þessar stofnanir bjóða hins vegar ekki upp á sérhæfða meðferð fyrir börn og ungmenni, þrátt fyrir að ljóst sé að þau búi mörg hver við alvarlegar félagslegar aðstæður og eigi ekki í öruggt umhverfi að vanda í framhaldi af meðferð. Enn fremur er það álitamála að láta börn og ungmenni vera í meðferð með fullorðnum einstaklingum sem á margan hátt hafa allt aðra reynslu og annars konar þarfir. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár felur í sér að skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart ungmönnum 16 til 18 ára aukast og er afar líklegt að þau muni í auknum mæli beina þessum aldurshópi í meðferð á sérhæfðar stofnanir og heimili sem rekin eru undir yfirumsjón Barnaverndarstofu. Af þessum sökum er ljóst að hið opinbera yrði að stofna meðferðarheimili, eitt eða fleiri, fyrir þennan hóp.

Í öðru lagi má reikna með að algengara verði að ungmenni sem að öðru jöfnu útskrifast úr meðferð við 16 ára aldur verði áfram í vistun á þeim meðferðarheimilum sem fyrir eru þannig að nokkuð dragi úr gegnumstreymi, ef sjálfræðisaldur hækkar í 18 ár. Þ.e.a.s. líklegt er að teygjast muni úr dvalartíma þeirra barna sem vistuð eru á þeim meðferðarstofnunum sem í dag eru ætlaðar börnum undir 16 ára aldri. Í flestum tilvikum er ungmenni útskrifað þegar það nær 16 ára aldri nema í einstaka undantekningartilvikum þar sem þörfin er brýn og vilji ungmennis fyrir áframhaldandi dvöl er fyrir hendi. Þetta rennir enn frekari stoðum undir líkunum á að stofna þurfi nýtt heimili vegna lengingar vistunartíma.

Ákveðinn fjöldi barna gengur úr meðferð um leið og þau ná 16 ára aldri. Það er mat þeirra sem best þekkja til þessara mála að það sé nánast lífsspursmál fyrir mörg þeirra að halda áfram meðferð. Foreldrar og/eða barnaverndaryfirvöld geta lítið gert til að halda þeim innan veggja meðferðarstofnunarinnar og duga hvatning foreldra eða tilmæli barnaverndaryfirvalda skammt ef ungmennið sjálf vill ljúka meðferðinni. Reynsla meðferðarstofnana á vegum Barnaverndarstofu leiðir í ljós að ungmenni sem ganga úr meðferð þegar þau eru orðin 16 ára eiga þangað ekki afturkvæmt og er þeim að jafnaði synjað um að innritast aftur í meðferð. Rökin fyrir synjun eru þau að meðferðarheimilinu beri í sjálfu sér ekki skylda til að taka ungmennið aftur í meðferð auk þess sem engin trygging sé fyrir því að það hlaupi ekki innan skamms aftur úr meðferð. Þetta skapi enn fremur slæmt fordæmi fyrir þau börn sem fyrir eru í meðferð. Aftur á móti eiga ungmenni sem ganga úr meðferð á Vogu tiltölulega auðvelt með að innritast aftur í meðferð.

Í bréfi yðar, dags. 22. ágúst sl., er bent á um sé að ræða fá tilvik þar sem gripið hafi verið til nauðungarmeðferðar ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára á tímabilinu 1. júlí 1984 til 1. janúar 1996. Rétt að vekja athygli á að þessi staðreynd gefur einungis til kynna að slík neyðarúrræði hafa verið fátíð. Enda hafa engin sérhæfð meðferðarúrræði verið fyrir hendi fyrir þennan aldurshóp svo og er heimildin til nauðungarmeðferðar bundin meðferð á sjúkrahúsi, sbr. 3. mgr. 13. gr. löggræðis laga. Það er reginmunur á því að svipta ungmenni sjálfræði í þeim tilgangi að koma því í áfengis- eða fíkniefnameðferð á sjúkrahús og beina ósjálfráða ungmenni (16-17 ára) í sérhæfða meðferð vegna misnotkunar áfengis, fíkniefnaneyslu og/eða vegna annarra alvarlegra hegðunarvandkvæða; þ.e.a.s. ef af hækkun sjálfræðisaldurs verður. Gera má ráð fyrir að þessar innlagnir yrðu í langflestum tilvikum framkvæmdar af hálfu barnaverndaryfirvalda að

óskum og/eða í samvinnu við foreldra.

Að lokum vísast til fyrra bréfs félagsmálaráðuneytis til yðar, dags. 25. júní sl.: "Í ljósi framangreindra atriða liggur fyrir að hækkun sjálfræðisaldurs felur óhjákvæmilega í sér aukin útgjöld ríkisins til barnaverndarmála, einkum vegna fjölgunar meðferðarheimila. Setja þyrfti á laggirnar sérhæft heimili fyrir 16 til 18 ára ungmenni og er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður um 30 m.kr., og fjölga þyrfti öðrum meðferðarheimilum um a.m.k. eitt vegna fyrirsjáanlegrar lengingar meðferðartíma, þar er áætlaður rekstrarkostnaður milli 20 - 25 m.kr. Ennfremur má reikna með útgjaldaauka vegna annarra atriða sem hér eru nefnd að framan þó erfitt sé að slá nokkru föstu um fjárhæðir."

Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist að svara bréfi yðar.

F. h. r.

Lýður Steinar Þorsteinsson

Ingríður Þorvaldsdóttir



# LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057


Reykjavík, 21. ágúst 1996

Dómsmálaráðuneytið  
b.t. Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

## Efni: Umsögn um hugmyndir að hækkun sjálfræðisaldurs.

Með bréfi þessu fylgir umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um fram komnar hugmyndir um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18. Tekið skal fram að stjórn félagsins hefur ekki fjallað efnislega um umsögnina.

Virðingarfyllt

  
Marteinn Másson, framkv.stj.

Hjálagt:  
Umsögn.

DÓMS- OG  
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innk.: 23 AGÚ. 1996

Málsnr.: 96060155

Bréfal.: 163-6

Reykjavík, 21. ágúst 1996

## Umsögn um hugmyndir að hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár.

Lögmannafélagi Íslands hafa borist þrjár umsagnarbeiðnir um hugmyndir að hækkun sjálfræðisaldurs hér á landi úr 16 árum í 18 ár. Tvær umsagnarbeiðnanna eru í frumvarpsformi frá Alþingi og ein er fyrirspurn frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem beðið er um röksemdir með og móti þessum hugmyndum. Stjórn L.M.F.Í. fól laganefnd félagsins að fara yfir og gera umsagnir um þessi erindi. Þar sem þau fjalla öll um sama efni er látið nægja að semja eina umsögn.

Hækkun á sjálfræðisaldri í 18 ár er að vissu leyti pólitískt mál. Grundvallarspurningin er hvort hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár þjóni tilgangi eða hvort beita beri öðrum aðferðum til að ná þeim markmiðum, sem að er stefnt?

Í lagafrumvörpunum tveimur er farið nokkrum orðum um helstu röksemdir fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Er þar aðallega um að ræða samræmingarsjónarmið annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar.


Segja má að viss rök geti mælt með því að samræmi sé í þessu efni milli innlendrar löggjafar og erlendrar, en hafa ber þó í huga að hér á landi hafa þróast aðrar venjur og hefðir um þátttöku unglunga í atvinnulífinu en annars staðar. Hæpið er að mati laganefndar að láta þetta atriði ráða úrslitum þegar ákvörðun er tekin um hvort hækka eigi sjálfræðisaldurinn eða ekki.

Auk samræmingar hafa verið færðar fram sem röksemdir í fyrsta lagi breyttar þjóðfélagsaðstæður frá fyrri hluta aldarinnar, sem leiða af sér meiri þörf á að framlengja forsjárskyldur foreldra til að auka réttaröryggi barna þeirra og í öðru lagi þörf til að hafa virkari úrræði eða heimildir gagnvart þeim unglungum, eldri en 16 ára, sem ánetjast hafa fíkniefnum og áfengi. Megineinkenni þessara röksemda virðist vera rík verndarhyggja í þágu unglunganna.

Á móti má halda því fram að vandræðaástand í miðbæ Reykjavíkur og víðar og óheilbriggt líferni hóps unglunga eigi ekki að leiða til skerðingar á réttindum (og skyldum) þorra þeirra, sem eru á aldrinum 16-18 ára og sem breytingunum er ekki beint gegn.

Með hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár færist réttur unglingsins til að ráða persónulegum högum sínum til foreldranna. Að sama skapi aukast skyldur foreldranna. Því má varpa fram til umhugsunar hvort þessi tilfærsla réttinda og valds, með þeim rökum, sem sett hafa verið fram, eigi að leiða til viðtækari sköðunar á hinum ýmsu aldursmörkum, er gilda um réttindi og skyldur barna og unglunga, svo sem saknæmisaldur, aldursmörk til að mega öðlast öikumansréttindi o.s.frv.

F.h. laganefndar L.M.F.Í.



Marteinn Másson, framkv.stj.



# Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar

l - m  
p

Reykjavík 28. júní 1996  
LB - 96 -015.0

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
b.t. Drifu Pálsdóttur  
Arnarhvoli

150 Reykjavík

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Innk.:	4 JÚLÍ 1996
Málsnr.:	96060155
Bréfal.:	103-6

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hefur borist bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 14. júní s.l. þar sem óskað er umsagnar um hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár.

Að mati undirritaðrar hniga flest rök að því að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 í 18 ár og er því eindregið mælt með þeirri breytingu við nefnd sem vinnur að endurskoðun lögræðis laga nr. 68/1984.

Þær gífurlegu þjóðfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað á Íslandi á undanförunum áratugum hafa breytt stöðu ungmenna á marga lund. Öfugt við það sem algengast var fram yfir miðja þessa öld dvelur nú flest ungt fólk hér á landi í foreldrahúsum fram að tvítugu, eða jafnvel lengur, og er háð foreldrum sínum mun lengur, bæði fjárhagslega og einnig á annan hátt. Ungt fólk fer einnig mun seinna út í atvinnulífið en áður tíðkaðist, enda stunda flestir nám af einhverju tagi fram yfir tvítugt. Langvarandi atvinnuleysi ytir enn frekar undir nauðsyn þessa þar sem ungt ómenntað fólk verður gjarnan atvinnuleysinu að bráð.

Barnalögin frá 1992 hafa tekið mið af breyttri stöðu ungmenna. Þar er að finna ákvæði um að foreldrar séu framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum til 18 ára aldurs. Enn fremur getur meðlagsskyld foreldri þurft að greiða með barni sínu, sem er í námi eða starfsþjálfun allt til tvítugs.


Það er ósamræmi í því að ungt fólk fái sjálfræði við 16 ára aldur og ráði þar með persónulegum högum, dvalarstað, atvinnu og/eða námi og sjálfsafla- og gjafafé, þegar foreldrar eru á sama tíma framfærsluskyldir gagnvart þeim allt að 18 ára aldri. Í starfi félagsmálastofnana koma oft upp erfið mál þegar ungmenni 16 - 18 ára vilja flytja frá foreldrum sínum og heimili en geta ekki séð framfleytt sér. Þau þurfa því að leita til sveitarfélaga/félagsmálastofnana sem í raun mega ekki styrkja þau fjárhagslega sem einstaklinga og verða að vísa til framfærsluskyldu foreldranna. Einnig verður vart við að foreldrum finnist þeir missi agavald gagnvart börnum sínum nokkuð fyrir 16 ára aldurinn, þar sem þau fá hvort sem fullt sjálfræði 16 ára. Telja verður að það þau muni styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu ef þjóðfélagið skilgreinir þá sem eru yngri en 18 ára sem börn. Það myndi einnig gera barnaverndaryfirvöldum kleift að aðstoða foreldra við að koma ungmennum í erfiðleikum til hjálpar.


Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna sem Ísland fullgilti 1992, skilgreinir börn "allt fólk í heiminum yngra en 18 ára". Í lögum um umboðsmann barna er einnig talað um börn allt að 18 ára en lög um vernd barna og ungmenna miða við börn að 16 ára aldri en ungmenni að átján ára aldri. Þarna virðast lög og samþykktir stangast á og því kæmist eðlileg samræming á ef lögræðislögum yrði breytt með því að hækka sjálfræðisaldurinn.

Í flestum nágrannalöndum Íslands er sjálfræðisaldurinn 18 ár og ekki verða færð nein gild rök fyrir því að aðstæður á Íslandi séu frábrugðnar því sem gerist í þessum löndum. Þar fer einnig saman sá aldur þegar fólk öðlast sjálfræði og fjárræði og verður það að teljast eðlilegt eins og áður er rakið.


Röksemdir gegn því að hækka sjálfræðisaldurinn hafa m.a. verið að ungmenni sem búa við harðræði og ofbeldi af hendi foreldra sinna þurfi að þola slíkt lengur. Á þessi rök verður varla fallist þar sem það er skylda barnaverndaryfirvalda að bregðast við slíku framferði gagnvart börnum og nær væri að styrkja þær aðgerðir og meðvitund og árvekni almennings og opinberra starfsmanna sem sinna börnum. Um þá fullyrðingu að verið sé að svipta mörg þúsund einstaklinga sjálfræði með því að hækka sjálfræðisaldurinn er hægt að segja að fremur sé verið að veita börnum þá sjálfsögu vernd og umhyggju sem þau eiga rétt á, bæði af hálfu foreldra þeirra og þjóðfélagsins.

Virðingarfyllst

  
Lára Björnsdóttir  
félagsmálastjóri



kon



## HAFNARFJARÐARBÆR

FÉLAGSMÁLASTOFNUN

Strandgötu 8-10 · 220 Hafnarfirði · Sími 53444

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
b.t. Drífu Pálsdóttur skrifstofustjóra  
Amarhvoli  
150 Reykjavík

Hafnarfirði 3. júlí 1996.

Með vísan til bréfs yðar dags. 14. júní 1996 sendist hér með ljósrit af umsögn félagsmálastjóra í Hafnarfirði varðandi hækkun sjálfræðisaldurs, dags. 15. júlí 1993. Það skal tekið fram, að stofnunin hefur engu þar við að bæta.

Virðingarfyllst,

Guðríður Guðmundsdóttir lögfr.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁDUNEYTIÐ	
Innk.:	5 JÚLÍ 1996
Málanr.:	<del>96050462</del> 96060155
Bréfal.:	037-1 163-6

Hafnarfjörður 15. júlí 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
t. Drífu Pálsdóttur deildarstjóra.

Þöbúið svar við bréfi ráðuneytisins frá 24. maí s.l. varðandi beiðni um rök með eða  
nóti hækkun sjálfræðisaldurs.

Starfsmenn barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar hafa oft rætt um hvort rétt væri að hækka  
sjálfræðisaldur. Ýmsar skoðanir hafa þar komið fram m.a. eftirfarandi:

**Rök með hækkun sjálfræðisaldurs.**

1. Sjálfræði við 16 ára aldur þýðir í raun að viðkomandi ungmenni getur tekið ákvarðanir um  
sjálft sig án þess þó að hafa til þess þjóðfélagslegar forsendur eins og að geta séð um sig úti í  
samfélaginu. Skortir þá oftast atvinnu- og húsnaði og tekjur. Viðkomandi býr því  
venjulega áfram í foreldrahúsum án þess þó í mörgum tilvikum að telja sig þurfa að lúta  
músaga. Staða foreldra verður oft erfið við slíkar aðstæður. Afleiðingar af þessu óhefta  
sjálfræði sjáum við m.a. á götum höfuðborgarinnar fram eftir nóttum þar sem ungmennin reika  
um í misjöfnu ásigkomulagi sjálfráða en oft ójálfbjaga.

2. Í þeim tilvikum þar sem sérstaklega illa gengur með viðkomandi ungmenni, það er vegna  
seinþroska eða annarrar hömlunar er uppeldishlutverki foreldra eða barnaverndarnefnda ekki  
lokið við 16 ára aldur. Viðkomandi ungmenni hefur þó sjálft í slíkum tilvikum sjaldnast  
skilning á þörf á aðhaldi. Heimild er í lögum um að svipta ungmenni 16-18 ára sjálfræði og  
koma viðkomandi á meðferðarstofnun en það sem allt eins oft þarf í þessum aldurshópi er  
úruruppeldi.

3. Á tímum atvinnuleysis verður sífellt meiri þörf á því fyrir ungmenni að byggja framtíð sína á  
starfsmenntun eða annarri menntun. Oft hafa ungmenni á þessum aldri ekki skilning á þessari  
nauðsyn, hætta námi og reka sig síðan illilega á úti á vinnu- og markaði. Þjóðfélag það sem við  
búum í sendir ungmennum á þessum aldri mjög misvísandi boð. Það segir t.d. 16 ára ertu  
sjálfráða. Í samræmi við það eru barnabætur greiddar foreldrum til 16 ára aldurs. Þá virðist  
vera reiknað með að viðkomandi hætti að vera barn og taki sjálfur við framfærslu sinni. En  
verði viðkomandi ungmenni t.d. veikt fær það ekki sjúkradagpeninga frá hinu opinbera fyrr en  
við 17 ára aldur. Svo virðist sem gengið sé út frá framfærsluskyldu foreldra til 18 ára aldurs sbr  
meðlagsgreiðslur. Nauðsyn á stuðningi fyrir ungmenni er viðurkennd í raun lengur hjá þeim  
sem eru í námi sbr. menntameðlag til 20. Þannig sýnir þjóðfélagið að ungmenni hafa ekki  
fjárhagslegar forsendur t.þ.a. standa á eigin fótum fyrr en í fyrsta lagi á árunum 18 ára til 20.

Þessi verður að teljast að skilja að sjálfræðis og fjárræðisþáttinn þar sem þeir byggja hvor á öðrum.

Norræn samfélög sem við teljum okkur vera hluta af telja að ungmenni geti ekki séð um sig sjálf í sínum samfélögum fyrr en við 18 ára aldur. Hvers vegna ætti þessu vera á annan vegarið hér?

Atriði sem mæla móti hækkun sjálfræðisaldurs.


1. Verið sé að svipta ungt fólk frelsi t.þ.a. lífa lífinu og takast á við sjálfsábyrgð. Ungt fólk vilji á þessum aldri taka ákvarðanir í eigin málum. Það sé hins vegar samfélagsgerðin sem henti illa fyrir ungfólkið en ekki öfugt.

2. Gott sé fyrir ungt fólk að upplifa að það sé sjálft að taka ákvarðanir um líf sitt eins og t.d. skólagöngu. Áhugi á náminu verði þá meiri.

Þá er það álit margra að svo stutt sé liðið í tíma frá því þjóðin hvarf úr bændasamfélaginu og að hún sé vart komin yfir í iðnaðarsamfélagið og að lágur sjálfræðisaldur sé hluti af fyrri samfélagsgerð.

Ýmislegt má nefna í sambandi við sjálfræði ungmenna en þetta verður látið duga.

Virðingarfyllst,

  
Marta Bergman, félagsmálastjóri  
í Hafnarfirði.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Hverfisgötu 115 - Sími 569 9000 - Telefax 569 9099

lv  
B

Reykjavík 26. júlí 1996.

SP/sv

Með vísan til bréfs yðar dags. 14. júní s.l., varðandi frumvörp til laga um sjálfræðisaldur nr. 256. og 257. skal upplýst að það er mat lögreglunnar í Reykjavík að öll rök lúti í þá átt að hækka beri sjálfræðisaldur í 18. ár. Í greinargerðum með frumvörpunum eru ítarlega rakin rök fyrir þessari lagabreytingu og nægir að vísa til þeirra í umsögn þessari svo sem breyttra þjóðfélagshátta, samræmis við hin Norðurlöndin, og síðast en ekki síst auðveldar þessi breyting vistun ungmenna undir 18. ára aldri á meðferðarheimilum fyrir þá sem eiga í erfiðleikum með áfengi og önnur vímuefni.

Hins vegar má benda á að hækkun sjálfræðisaldurs í 18. ár getur valdið lögreglu erfiðleikum einkum í miðborg Reykjavíkur um helgar, það hefur ekki tíðkast að færa fólk undir sjálfræðisaldri í fangageymslu og við hækkun sjálfræðisaldurs í 18. ár mun þeim sem eru undir lögræðisaldri fjölga til mikilla muna.

Sturla Þórðarson  
yfirlögfræðingur

Dómsmálaráðuneytið  
Drífa Pálsdóttir  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

DOMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 26 JÚLÍ 1996
Málsnr.: 96060155
Bréfal.: 163-6



# BARN AVERNDARSTOFA

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið  
b.t. Drífu Pálsdóttur,  
skrifstofustjóra  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

DÓMS- OG  
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innk.: 6 ÁGÚ. 1996

Málsnr.: 96060155

Bréfal.: 163-6

Reykjavík, 2. ágúst 1996

Vísað er til bréfs yðar dags. 14. júní 1996 þar sem þess er farið á leit að Barnaverndarstofa gefi ráðuneytinu umsögn sína varðandi það hvort hækka beri sjálfræðisaldur einstaklinga úr 16 árum eins og nú er, í 18 ár. Barnaverndarstofa vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna erindis ráðuneytisins:

1. Í ákvæði 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasamningnum) sem Íslendingar fullgiltu 2. nóvember árið 1992 er skilgreint að börn séu þeir einstaklingar sem eru innan 18 ára aldurs. Miðað við þá löggjöf sem er í gildi hér á landi njóta íslensk ungmenni eldri en 16 ára ekki þeirrar réttinda sem falla innan sjálfræðishugtaksins og barnasamningurinn tilgreinir. Hér er einkum átt við rétt þessa aldurshóp til forsjár foreldra, en forjárskyldum þeirrar lýkur raunverulega þegar einstaklingurinn hefur náð sjálfræðisaldri. Með vísan til þessa er ljóst að íslensk lög, þ.á m. núgildandi lögræðislög, tryggja íslenskum ungmönnum ekki öll þau réttindi sem tilgreind eru í barnasamningnum.

Í þessu sambandi vekur Barnaverndarstofa athygli á 14. og 21. gr. lokaathugasemda eftirlitsnefndar SP við framkvæmd Íslands á barnasamningnum frá fundi hennar með fulltrúum íslenskra stjórnvalda dagana 16. og 17. janúar sl. Þar segir efnislega að skorta kunnir á að samningurinn endurspeglar að fullu í landslögum og að gera þurfi ráðstafanir til að tryggja að þau réttindi sem talin eru í samningnum njóti fullrar verndar. Hér á nefndin ugglaut við hinn lága sjálfræðisaldur á Íslandi, en í bráðabirgðaathugasemdum nefndarinnar er sérstaklega hvatt til að hann verði tekinn til endurskoðunar. Vísast í þessum efnum til greinargerða fulltrúa félagsmála-, dómsmála- og heilbrigðismálaráðuneyta, til viðkomandi ráðherra af fundinum.

2. Þjóðfélagsaðstæður hafa breyst mikið, ekki síst á síðustu áratugum. Ungmenni eru nú háðari foreldrum sínum en áður var. Jafnframt hafa kröfur um menntun og færni aukist í nútímasamfélagi. Lengri skólaganga getur almennt þýtt að ungmenni verði að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Atvinnuleysi hefur einnig aukist á síðustu árum og því hafa möguleikar ungmenna til að standa á eigin fótum og vera efnahagslega sjálfstæð minnkað verulega. Nú búa um 80-90% ungmenna í foreldrahúsum. Ætla má að flest þau ungmenni sem ekki búa í

AUSTURSTRÁTI 16  
PÓSTHÓLF 53  
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100  
BRÉFSÍMI 552 4108  
NETFANG barn@ita.is

KT. 700595 2699

foreldrahúsum, t.d. vegna náms eða atvinnu, geri það í fullri sátt við foreldra sína. Í dag hafa núgildandi ákvæði lögræðis laga um sjálfræðisaldur því í reynd litla þýðingu vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna fyrir allan þorra ungmenna.

Stóra þversögnin sem felst í lágum sjálfræðisaldri hérlendis er aftur á móti sú, að hann hefur fyrst og fremst þýðingu fyrir þau ungmenni sem síst skyldi og kunna tæpast með þau réttindi að fara. Svo sem fram er komið búa langflestir einstaklingar á aldrinum 16-18 ára í heimahúsum og líta venjulegum húsaga. Ef til ágreinings kemur á milli ungmennis og foreldra er hann venjulega leystur með samræðum og sameiginlegri niðurstöðu. Sá lagalegi réttur er felst í sjálfræðinu kemur því yfirleitt ekki við sögu. Lítil minnihluti ungmenna kys hins vegar að lifa lífi sínu án tillits til annarra og ógnar eigin velferð. Þessi hópur er gjarna stjórnlaus sökum vímuefnaneyslu eða annarra félags- og tilfinningalega vandkvæða. Foreldrum og samfélaginu ber að rétta þessum hópi hjálparhönd. Þær tilraunir renna hins vegar oft út í sandinn þar sem hin lági sjálfræðisaldur verndar gjarna rétt þessara ungmenna til sjálfseyðandi hegðunar.

3. Hinn lági sjálfræðisaldur hérlendis hefur falið í sér að stjórnvöld hafa ekki séð ástæðu til að stofna til sérstakra meðferðarheimila fyrir ungmenni að 18 ára aldri sem eiga að stríða við afbrotahneigð. Að vísu gera lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, (bvl.) ráð fyrir því að ungmenni eigi kost á slíkri meðferð, og gera lögin ráð fyrir að slík heimili séu rekin undir yfirumsjón Barnaverndarstofu, sbr. 5. mgr. 51. gr. bvl. Eðli máls samkvæmt hefur þetta ákvæði laganna litla þýðingu þar sem sjálfráða ungmenni vistast ekki á slíkum stofnunum nema að eigin vilja. Honum er sjaldnast til að dreifa hjá þessum hópi. Hins vegar er brýn þörf er á sérstökum meðferðarúræðum fyrir 16-18 ára ungmenni vegna síbrota, með það að markmiði að ekki þurfi að koma til fangelsisafplánunar fyrir þennan aldurshóp.

Engin heimild er í hegningarlögum fyrir því að 16-18 ára afbrotaungmenni geti afplánað refsivist sína á stofnunum, sem bjóða upp á meðferð þeim til handa. Til þess að svo megi verða þarf breytingar á almennum hegningarlögum þannig að dvöl á slíkum stofnum kæmi til viðbótar fangelsum við val á refsivist. Þar sem alltaf virðist sem einhver ungmenni þurfi að afplána sína refsingu á ári hverju í almennum fangelsum landsins, er þörf á því að taka upp meðferðarúræði sem þjónar hagsmunum þeirra betur en hin almennu fangelsi gera. Í mörgum þeim dómum sem fallið hafa hér á landi í fyrri tíð þar sem sakborningar hafa verið 16-18 ára, hefur annað hvort verið beitt ákærufrestun eða dómur verið skilorðsbundnir. Árlega hafa þó nokkur ungmenni hlotið fangelsisdóma. Á árunum 1990-1994 voru yfirleitt um tvö 16-18 ára ungmenni dæmd í óskilorðsbundið fangelsi og hafa þau þurft að afplána refsivist í almennum fangelsum landsins. Á árinu 1995 tvöfaldaðist þessi tala en þá afplánuðu fimm ungmenni refsivist í fangelsum landsins. Þessi framkvæmd er í blóra við ákvæði 37. gr. barnasamnings SP þess efnis að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum, enda gerði Ísland fyrirvara um þá grein samningsins við fullgildingu hans. Eftirlitsnefnd SP með barnasamningnum hefur hvatt til að sá fyrirvari verði afturkallaður, sbr. 20. gr. athugasemda hennar.

Óhætt er að fullyrða að hegðunarerfiðleikar og afbrotaferill ungra afbrotamanna hefst í flestum tilfellum löngu áður en þeir hafa náð sakhæfisaldri. Málefni ungra afbrotamanna verður því að skoða í ljósi

uppvaxtar þeirra og uppeldisaðstæðna og þeirrar ábyrgðar sem samfélagið ber því viðvíkjandi. Almennu eru afbrot talin birtingarform annarra undirliggjandi ástæðna svo sem tilfinningarlegra, geðrænna eða félagslegra vandkvæða. Afbrotaunglingar líða oft fyrir menntunarskort og þjálfunarleysi og þurfa á sálfræðilegri aðstoð að halda til að fá innsæi í sín mál, skilja sig sjálf og læra önnur viðbrögð en þau hafa tamið sér. Sérhæft meðferðarheimili eða stofnun gæti skapað þær forsendur sem eru nauðsynlegar til að þessi ungmenni fái ráðið bót á vandræðum sínum. Ætla má að hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár stuðli að bættum skilningi á mikilvægi þessara úrbóta.

4. Hinn lági sjálfræðisaldur gerir foreldrum og þjóðfélaginu í heild oft erfitt fyrir að taka á stjórnlausri neyslu áfengis- og vímuefna 16-18 ára ungmenna. Þá standa aðilar oft frammi fyrir því að ungmenni sem er í áfengis- eða vímuefna meðferð fyrir 16 ára aldur neitar að halda henni áfram er það verður sjálfráða. Barnaverndaryfirvöld á Íslandi þekkja vel til þeirrar örvæntingar sem ráðbrota foreldrar líða þegar sjálfráða börn þeirra verða vímuefnum að bráð og hvorki þeim sjálfum né barnaverndaryfirvöldum reynist mögulegt að grípa til nokkurra ráðstafana sem að haldi geta komið.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. bvl. og II. og III. kafla lögræðislaga nr. 264/1995 er unnt að grípa til nauðungarsviptingar eða sjálfræðissviptingar ef 16-18 ára ungmenni stefnir eigin heilsu og þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu. Einstaklingur sem sviptur hefur verið sjálfræði öðlast það ekki á ný nema með dómi. Aðgerðir af þessu tagi eru alvarlegt inngrip í persónulega hagi og tilfinningalega erfiðar fyrir foreldra þegar eigin börn eiga í hlut. Annað vandamál þessu tengt er sú staðreynd að það reynist foreldrum örðugt að krefjast þess að börn þeirra verði svipt sjálfræði, jafnvel þótt brýn nauðsyn beri til þess. Skilyrði til sjálfræðissviptingar samkvæmt lögræðislögum eru mjög ströng og því er sjaldgæft að ungmenni séu svipt sjálfræði vegna ávana- og vímuefnavanda.

Í fyrrgreindu tilviki er nauðsynlegt að foreldrar geti haft yfirráð og eftirlit með börnum sínum lengur en til 16 ára aldurs í því skyni að veita þeim vernd gegn aðstedjandi hættu. Með þessu er ekki verið að gera ungmenni ábyrgðarlaus heldur er það viðurkenning á því að ábyrgðin sé ekki einungis þeirra heldur og foreldranna og samfélagsins alls. Hækkun sjálfræðisaldurs mun því hafa verulega þýðingu gagnvart 16 ára ungmönnum sem eru í sjálfheldu vímuefnaneyslu. Ef sjálfræðisaldurinn yrði hækkaður úr 16 í 18 ár væri einnig unnt að halda áfram því meðferðarstarfi sem oft er þegar hafið við 16 ára aldur.

5. Ósamkvæmni kemur fram í barnalögum nr. 20/1992 sbr. lög nr. 37/1995 varðandi aldursmörk um það hversu lengi foreldrar eru forsjár- og framfærsluskyldir við börn sín. Foreldrar fara með forsjá barna sinna til 16 ára aldurs eða þar til að þau verða sjálfráða. Framfærsluskylda þeirra gagnvart börnum sínum nær hins vegar til 18 ára aldurs. Ákveðin óvissa ríkir í dag vegna þessara misræmis þegar ungmennin búa annars staðar en hjá foreldrum. Í barnalögum segir einungis að framfærslu barns skuli hagað með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns. Í hjúskaparlögum sem eiga við hjón, segir að til framfærslu barnanna teljist framlög til uppeldis og menntunar barna. Um inntak framfærsluskyldu gagnvart börnum segir ekki frekar í lögum. Í þeim tilvikum er börn kjósa að búa á eigin vegum eftir 16 ára aldur myndast oft óvissa um hvernig ber að haga framfærsluskyldu foreldra. Ekkert er kveðið á um í lögum hvernig ber að bregðast við slíku

tilfelli. Hækkun sjálfræðisaldurs myndi vinna gegn þessari óvissu jafnframt því að eyða þeirri ósamkvæmni sem hér um ræðir.

6. Hinn lági sjálfræðisaldur skapar gjarna erfiðleika óvissu um framkvæmd barnaverndarstarfs. Lög um vernd barna og ungmenna taka til ungmenna á aldrinum 16-18 ára og því hafa barnaverndaryfirvöld margvíslegar skyldur gagnvart þeim. Í mörgum tilvikum reynast þær tilgangslaugar þegar sjálfráða einstaklingar hafna afskiptum af högum sínum. Sú óvissa sem oft ríkir vegna hins lága sjálfræðisaldurs getur ennfremur komið niður á markvissu barnaverndarstarfi. Hér verður látið nægja að nefna til sögunnar fósturráðstafanir. Nokkur hundruð börn eru í varanlegu fóstri á Íslandi. Þegar barni er þannig ráðstafað í fóstur á vegum barnaverndarnefnda er gerður fóstursamningur við fósturforeldra til 16 ára aldurs barnsins. Þótt barnið sé þá orðið sjálfráða er það eigi í stakk búið til að standa á eigin fótum frekar en önnur börn á þessum aldri og þarfnast því fósturforeldranna áfram. Þrátt fyrir það getur fóstursamningurinn ekki gilt áfram. Þetta veldur oft fósturbörnum jafnt sem fósturforeldrum óvissu og skapar óöryggi, einkum þegar kynforeldrar (sem þá hafa framfærsluskyldu) kalla eftir börnum sínum.

7. Barnaverndarstofa hefur reynt að meta fjárhagsleg áhrif af hugsanlegri hækkun sjálfræðisaldurs er varðar útgjöld ríkissjóðs vegna barnaverndar. Rétt er að taka fram að afar erfitt er að framkvæma slíkt mat með óyggjandi hætti. Eftirfarandi ber því að líta á sem grófa áætlun, sem einkum er gerð til að varpa ljósi á helstu þætti málsins.

(i) Ljóst er að hækkun sjálfræðisaldurs felur í sér að óhjákvæmilegt reynist að setja á lagginnar sérhæfð meðferðarúrræði fyrir þennan aldurshóp. Árlega vistast fimm til tíu ungmenni á umræddum aldri á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu í lengri eða skemmri tíma. Hins vegar eru þau almennt ekki undir það búin að veita þessum hópi þjónustu enda miðast starfsemi flestra þeirra við börn á aldrinum 13 til 16 ára.

(ii) Reikna má með að mun algengara verði að ungmenni sem að öðru jöfnu útskrifast úr meðferð við 16 ára aldurinn fái áframhaldandi vistun á þeim meðferðarheimilum sem fyrir eru þannig að nokkuð dragi úr gegnumstreymi á heimilin. Líkur eru því á að lengri vistunartími valdi því að biðtími og biðlisti eftir meðferð lengist hjá yngri aldurshópnum verði ekkert að gert.

(iii) Íhugunarefni er hvort í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs verði ætlast til að sérhæfð vímuefna meðferð standi til boða þeim sem eru yngri en 18 ára. Nýlegar breytingar á meðferðarkerfi ríkisins gera ráð fyrir að sjálfráða einstaklingar, 16 ára og eldri, leiti þeirrar þjónustu á sjúkrahöfnum fyrir fullorðna nema í undantekningartilvikum. Þessar breytingar voru m.a. gerðar þar sem reynsla af því að blanda saman ósjálfráða og sjálfráða einstaklingum í vímuefna meðferð var ekki góð þar sem sá hópur er sjálfráða var, batt gjarna endi á meðferð sína áður en meðferðartími var úti.

(iv) Máli skiptir hvort samhliða hækkun sjálfræðisaldurs verði gerðar breytingar á almennum hegningarlögum þannig að vistun á meðferðarheimili komi til viðbótar fangelsum við val á refsingu. Búast má við að kröfum um slíkt vaxi ásmegin, verði sjálfræðisaldur hækkaður, ekki síst með hliðsjón af ákvæðum barnasamnings SP er varða bann við að börn afpláni refsingu með fullorðnum föngum og fyrr er vikið að. Svo sem fram hefur komið hafa tveir

til þrjár einstaklingar undir 18 ára aldri verið dæmdir í afplánunarfangelsi árlega á undanföllum árum. Hins vegar má reikna með að sá hópur yrði líklega talsvert stærri, sem frelsissviptur yrði á meðferðarstofnanir, þar sem ætla má að dómstólar grípi sjaldnar til ákærufrestunar og skilorðs væri sá valkostur fyrir hendi.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum er óhætt að fullyrða að hækkun sjálfræðisaldurs fæli óhjákvæmilega í sér að starfrækja yrði a.m.k. eitt sérhæft meðferðarheimili fyrir 16 til 18 ára ungmenni, sbr. lið (i) og er áætlaður kostnaður vegna rekstrar um 30 m.kr. Líklegt er að fljótlega yrði að bæta við öðru heimili vegna lengri vistunartíma á öðrum meðferðarheimilum, sbr. lið (ii) og má áætla árlegan rekstrarkostnað á bilinu 20 til 25 m.kr. Öllu erfiðara er að segja til um fjárhagsleg áhrif vegna liða (iii) og (iv) enda byggjast þau atriði á ágiskun um viðhorfsbreytingar í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs frekar en beinum afleiðingum slíkrar aðgerðar. Segja má að gangi sú ágiskun eftir megi búast við 50 til 80 m.kr. útgjaldaauka. Ekki er tekið tillit til stofnkostnaðar vegna ofangreindra úrræða.

Þær breytingar sem að ofan greinir, ef af verða, hafa örugglega áhrif til lækkunar útgjalda á öðrum sviðum þegar til lengri tíma er litið. Þannig má telja fullvíst að unnt verði að draga verulega úr beinu fjárhagstjóni vegna sifbrota einstaklinga á umræddum aldri auk þess sem meðferð þessara einstaklinga mun væntanlega draga úr afbrotum margra á fullorðinsárum. Draga mun úr kostnaði vegna löggæslu, rannsóknar mála og dómstólameðferðar auk heilbrigðis- og félagsþjónustu. Öll ofangreind atriði eru hins vegar þess eðlis að ógjörningur er að mæla þann sparnað er af hlýst eins og gjarna er um forvarnir. Ljóst er þó að um verulegar fjárhæðir er að ræða sem, þegar öllu er á botninn hvolft, gætu verið talsvert hærri en en þær tölur sem hér hafa verið tilgreindar.

F.h. Barnaverndarstofu,

  
Bragi Guðbrandsson, forstjóri

## GREINARGERÐ

Samtökin Barnaheill hafa nú um nokkurt skeið talið að nútíma þjóðfélagsaðstæður kalli á hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár. Þessi afstaða kom skýrt í ljós m.a. á öðru landsþingi Barnaheilla, sem haldið var í maí fyrr á þessu ári, og í orðum Einars Gylfa Jónssonar, formanns Barnaheilla í síðasta fréttabréfi samtakanna. Helstu rökin fyrir því að við teljum orðið tímabært og nauðsynlegt að hækka sjálfræðisaldurinn eru:

### 1. BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var staðfestur af Íslands hálfu árið 1992 eru börn skilgreind sem allt fólk yngra en 18 ára. Barnasáttmáli Sp. er alþjóðlegur réttindasamningur allra barna innan ríkja sem hafa staðfest hann. Í dag hafa 188 ríki staðfest samninginn. Enginn alþjóðlegur mannréttindasamningur hefur verið staðfestur af jafnmörgum ríkjum eins og alþjóðasamningurinn um réttindi barnsins.

Það er í raun mikilvæg og merkileg staðreynd, að þessi ríki sem mörg hver búa við ólíka menningu og trúarbrögð, skulu geta komið sér saman um alþjóðlega samning, í daglegu tali nefndur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið er á um að barn skuli fá að vera barn fram til 18 ára aldurs.

### 2. ÞJÓÐFÉLAGSBREYTINGAR

Í mörgum löndum heims hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á þessari öld. Stórkostlegar tækninýjungar, opnun nýrra markaða, stórbættar samgöngur, fjölmiðlun og hröð þróun í öllum samskiptum á milli ólíkra þjóða, trúarbragða og menningarheima hefur víða leitt til mikilla breytinga á lífsgildum og lífnaðarháttum fólks þar með talið breytinga á viðhorfum til einstaklinga og til gildi fjölskyldulífs

Undanfarna áratugi hafa aðstæður fjölskyldunnar á Íslandi gerbreyst. Breyttir atvinnuhættir, aukin tæknivæðing og búferlaflutningar úr sveit í þéttbýli hafa breytt samfélagslegri stöðu einstaklingsins. Deilt er um hvað af ofangreindu var drifjöðurinn í þeim breytingum sem átt hafa sér stað seinni hluta þessarar aldar á Íslandi en ljóst er að félagsleg tengsl einstaklinga bæði innan fjölskyldunnar og utan hennar hafa einnig tekið miklum hamförum í kölfar breyttra þjóðfélagshátta.

Algengustu lífshættirnir á Íslandi, fyrir ekki svo löngu síðan, var að búa í sveit þar sem stórfjölskyldan stundaði saman sjálfburftarþúskap til að sjá fyrir sér og sínum. Lítið hluti þjóðarinnar framfleytir sér í dag á þennan hátt. Flestir búa nú í þéttbýli, stunda launavinnu og búa í kjarnafjölskyldum af ýmsum gerðum.

### 3. FJÖLSKYLDAN OG BREYTT LÍFSGILDI

#### Uppfræðsla barna

Nú síðustu árin hefur fjölskyldunni verið gefin heldur meiri gaumur en áður og þá sérstaklega félagslegri stöðu barna og unglinga. Hinir nýju atvinnu- og lífshættir hafa haft áhrif á lífsgildi fjölskyldunnar með þeim hætti að **mikilvægi menntunar hefur aukist til muna.**

Fyrr á öldum var litið á barnið sem barn fram til fermingaráldurs en upp úr fermingu lauk formlegri fræðslu að mestu hjá þorra þjóðarinnar og við tóku fullorðinsárin. Margir nutu þó áfram stuðnings stórfjölskyldunnar jafnvel allt fram til dauðadags. Þessir lífshættir fyrri ára voru vissulega oft mjög erfiðir en af ýmsum frásögnum má ráða að börnin voru **samofin inn í daglegt líf fjölskyldunnar, lærðu fljótt til verka og urðu mikilvægur hlekkur og þátttakendur í því að framfleyta fjölskyldunni.** Hlutverk og þátttaka barna í fjölskyldunni og í samfélaginu í heild hefur að þessu leyti breyst með nýjum atvinnu- og lífsháttum.

Þrátt fyrir að oft var litið til fermingarársins sem þáttaskil í lífi barnsins var það lögfest í Jónsbók árið 1281 að sjálfræðisaldurinn væri 16 ár sem hefur síðan haldist óbreyttur til þessa dags. Forfeður okkar hafa því verið forsjálar og tryggt börnum landsins öruggt skjól til 16 ára aldurs.

#### Fjölskyldan sem samofin heild

Líf og velferð barnsins er órjúfanlega tengt lífi og velferð fjölskyldunnar. Af þeim sökum hafa samtökin Barnaheill ætíð lagt mikið upp úr umræðunni um fjölskylduna og aðbúnaði hennar á Íslandi.

Færa má rök fyrir því að líf margra fjölskyldna sem samofin heild vinnu, lærdóms og tilfinninga hafi, að ýmsu leyti, verið rofin með breyttum atvinnu- og lífsháttum. Markmið hvernar fjölskyldu, nú á dögum sem áður fyrr, er að búa sér til sameiginlegt hreiður sem mótast bæði af efnahagslegum og tilfinningalegum þörfum. Erfitt getur reynst að ná því markmiði í dag með hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna þar sem konan vinnur inniverkin og maðurinn útiverkin, á sama jarðarskikanum. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er mjög há og margar fjölskyldur bæði þurfa og vilja vinna utan veggja heimilisins. Við þetta hafa hins vegar myndast ýmis vandamál innan fjölskyldunnar oft sérstaklega hvað snertir umönnun barnanna. Rof myndast á milli daglegs lífs fjölskyldunnar og vinnu einstaklinganna innan hennar. Fjölskyldurnar reyna að vinna gegn þessu rofi t.d. með sameiginlegum tómstundum. En m.a. vegna óhóflega langs vinnudags bæði feðra og mæðra, hér á landi, reynist þetta oft vera þrautin þyngri og fjölskyldum hefur ekki verið gert auðvelt að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf undanfarna áratugi.

Hinir breyttu lífshættir hafa með öðrum orðum haft áhrif á möguleika fjölskyldunnar til að vera samheldinn hópur einstaklinga. Í dag byggist samheldni fjölskyldunnar því ekki lengur á sameiginlegum athöfnum nema að litlu leyti heldur virðist hún fremur byggjast á því að **réttar hvers fjölskyldumeðlims sé gætt og að ákveðið jafnrétti ríki á milli einstaklinga innan hennar.** (1)

Sjálfsþurftarþúskaþur fortíðarinnar gaf einstaklingum lítið rými til einkaþarfa, nútíma atvinnuhættir ýta hins vegar undir þær þarfir. Nú þegar við þurfum að búta niður tíma okkar á milli vinnu, fjölskyldu og frítíma verður umræðan um rétt einstaklingsins æ háværi. Það byrjaði með umræðunni um rétt einstaklingsins almennt, borgaraleg réttindi, rétt launþegans með stofnun verkalyðsfélaga o.s.fr.v. Kvinnahreyfingin hefur einnig verið mjög áberandi þessa öldina og nú frá seinni heimsstyrjöld réttur barna.

Hér áður fyrr voru heimili landsins víðast mjög barnmörg en með aukinni velferð þjóðarinnar hefur börnunum fækkað þó við eigum enn hlutfallslega flest börnin á Norðurlöndunum (Noregur, Svíþjóð og Danmörk). Frumstæðari vinnubrögð fyrri alda kölluðu á margar hendur og því var framlag barna og ungmenna hér áður fyrr nauðsynlegt og vel metið. Hin hraða tækniþróun þessarar aldar hefur gert það að verkum að mun færri hendur vinna nú verkin en áður var og afkastagetan hefur margfaldast. Ein af neikvæðu afleiðingum þessarar þróunar er atvinnuleysi, ungs fólks. Ljóst er að vinnumarkaðurinn þarf ekki á ungu ófaglærðu fólki að halda nema í mjög litlum mæli. Fjölskyldur landsins bregðast við þessum breytingum með því að reyna, hver og ein eftir bestu getu, að mennta börn sín meir og betur en tíðkaðist áður fyrr. Þessar breyttu aðstæður fjölskyldunnar kalla á nýjar og breyttar skyldur foreldra, barna og ríkisins.

#### 4. MANNRÉTTINDI

##### **Þjóðaruppeldi eða skólamenntun.**

6. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kveður á um það að öll börn eiga rétt á að lifa og þroskast. Þjóðir eru mismunandi vel í stakk búnar til að uppfylla ákvæði 6. greinar Barnasáttmálans en í vestrænum velferðarsamfélögum er lögð mikil áhersla á þjálfun og menntun barnsins. Álíka þróun hefur átt sér stað undanfarin ár hér á landi og ein háværa stafrá foreldra í dag er að börnin hljóti góða menntun. En 28. og 29. grein Barnasáttmálans fjalla sérstaklega um rétt barnsins til menntunar.

Fyrr ekki svo löngu síðan þótti það góð undirstöðumenntun að hafa gagnfræðapróf sem lauk um 16 ára aldurinn. Í dag eru það víða vonbrigði ef barnið lýkur "einungis" skyldunámi. Foreldrar hvetja því börn sín til frekara náms og börnin vilja læra meira því þau vita að annars getur reynst erfitt að sjá fyrir sér í nútíma samfélagi. Ófaglærð verkamannavinna er ekki lengur á hverju strái. Jafnvel þar hafa stórvirk vinnutæki og rafeindatækni af ýmsu tagi tekið við af starfssamri og verklaginni hendi verkamannsins. Afleiðing þessa er m.a. að **börn dvelja mun lengur í foreldrahúsum en áður var venjan.**

Það er að mörgu leyti í andstöðu við það uppeldi sem tíðkast hefur hér á landi, þ.e. að gera sérhvern einstakling sjálfstæðan sem allra fyrst svo hann geti farið og séð fyrir sér sjálfur utan foreldrahúsa. Á Íslandi hefur alla tíð verið mikið lagt upp úr því að vera sjálfstæður og sjálfs síns herra, eins og Halldór Kiljan Laxness og Gunnar Gunnarsson lýsa svo meistaralega í bókum sínum. Þessi mikla löngun til sjálfstæðis er hugsanleg skýring á því hvers vegna íslensk börn eru hvött eins ákaflega til sjálfstæðis og raun ber vitni og hvers vegna við leggjum á þau meiri ábyrgð en nágrannaþjóðir okkar. (Sjá rannsókn Baldurs Kristjánssonar).



Vel má vera að slíkt uppeldi hafi verið æskilegt og nauðsynlegt hér á árum áður og ekki hefur íslensk náttúra með alla sína víðáttu skemmt fyrir við beitingu þessara uppeldisaðferða íslenskrar sveitar sem löngum hefur verið rómuð. En breyttir atvinnu- og lífnaðarhættir þéttbýlisins knýja okkur til að endurskoða þetta mynstur þjóðaruppeldisins. **Stórbreytt samfélagsgerð hefur þannig knúið foreldra til að breyta aldagömlum uppeldisaðferðum án mikils stuðnings eða skilnings yfirvalda á þessum breyttu aðstæðum barna og ungmenna á Íslandi.**

Markmið hverrar fjölskyldu er að skila af sér sjálfstæðum og heilbrigðum einstaklingum. Þau lífsgildi hafa ekkert breyst en aðferðirnar til að ná því markmiði hafa breyst. Hækkun sjálfræðisaldursins væri viðurkenning á þessum breytta veruleika og hlutverki foreldranna. Lagabreyting á Alþingi mun ekki breyta aldagömlum uppeldisaðferðum á skömmum tíma en það er vísbending um aukin skilning ríkisins á þessum breyttu uppeldisaðstæðum fjölskyldunnar.

Lagabreyting um hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár myndi styrkja og verulega draga úr þeim **mótsagnakenndu kröfum** sem lagðar eru á foreldra og börn í nútíma samfélagi. Hún myndi skýra **félags- og réttarstöðu foreldra og barna** innan fjölskyldunnar og þar með draga úr því óöryggi sem hefur einkennt margar ef ekki flestar fjölskyldur landsins. Slíkt óöryggi hefur birtist í aga og hömluleysi barna og unglunga og óöryggi foreldra í uppeldishlutverki sínu. Það er e.t.v. hluti af skýringunni hvers vegna Íslendingar umbera drykkju unglunga í jafn ríkum mæli og raun ber vitni hvort sem það er niður í miðbæ Reykjavíkur, um verslunarmannahelgina eða í kaupstöðunum allt í kring um landið.

Hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 skýrir ábyrgð foreldranna og yfirvalda gagnvart ungmenninu, jafnframt sem hún styrkir réttarstöðu barnsins. Það á rétt á vernd foreldra sinna og yfirvalda til 18 ára aldurs en á móti ber ungmenninu að lúta reglum sinnar fjölskyldu og viðeigandi yfirvalda á meðan það nýtur réttinda og verndar laganna. Hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár mun einnig skýra réttarstöðu þeirra unglunga sem lenda í vanda, sem þau geta ekki ráðið fram úr sjálf með eðlilegum stuðningi frá fjölskyldu og vinum.

### **Stuðningur og aðhald yfirvalda við foreldra**

5. 18. 26. og 27. grein Barnasáttmálans kveður á um að foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn sitt og koma því til þroska. Stjórnvöld eiga að virða og styðja foreldra og aðra sem bera ábyrgð á börnum og uppeldi þeirra og myndi hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár vera stuðningur íslenskra yfirvalda við foreldra.

Slík breyting felur í sér auknar skyldur stjórnvalda gagnvart ungmennum landsins og fjölskyldum þeirra meðal annars fjárhagslegar skuldbindingar og því er það skiljanlegt að yfirvöld þurfi að huga vel að þeim málum áður en ráðist er í að breyta lögræðislögunum. Eins og rökstutt var hér að ofan þurfa börn í nútíma vestrænum samfélögum á umönnun fjölskyldunnar að halda a.m.k. að 18 ára aldri auk starfsþjálfunar og menntunar. Atvinnuleysistölu ungs fólks benda m.a. til þess að atvinnumarkaðurinn krefst fólks með menntun og reynslu þetta vita foreldrar og þess vegna reyna flestir eftir bestu getu að sjá fyrir börnum sínum á meðan á slíkri þjálfun

stendur. Menntun, verkleg sem bókleg, er nauðsynleg í dag og það eru foreldrnir, að stórum hluta, sem greiða fyrir menntunina.

Krafan um efnahagslegan sem siðferðislegan stuðning ríkisins við foreldra fram að 18 ára aldri er því eðlileg og í takt við nútíma aðstæður fjölskyldunnar. Útfærslan á slíkum stuðningi getur þó án efa tekið á sig ýmsar myndir.

### Lokaorð.

Hornsteinn hvers þjóðfélags er fjölskyldan en við Íslendingar höfum verið svo upptekinn við að aðlaga okkur að þeim stakkaskiptum sem orðið hafa á íslensku atvinnulífi þessarar aldar að djúpar sprungur hafa myndast í hornsteininum.

Fjölskyldufólk fær flest allt of lítinn tíma, vegna langs vinnudags, til að hlúa að sínu fjölskylduhreiðri. Atvinnuþátttaka kvenna og mæðra er með því hæsta sem gerist í hinum vestræna heimi þrátt fyrir að við eigum hlutfallslega fleiri börn en nágrannaþjóðir okkar. Þá hefur þróun í hjúskaparmálum þjóðarinnar verið sú að í dag enda yfir 40% hjónabanda í skilnaði.

Af þessu mætti vera fyrir löngu ljóst að við verðum að staldra við og huga betur að fjölskyldunni. Ef það er rétt að fjölskyldan er hornsteinn hvers samfélags eru Íslendingar og íslensk yfirvöld nauðbeygð til að styrkja fjölskylduna betur en gert hefur verið undanfarna áratugi.

Eitt helsta hlutverk yfirvalda hvers lýðræðisríkis er að hlusta á borgarana en jafnframt að vera þeim leiðarljós inn í framtíðina. Þetta hafa íslensk stjórnvöld gert, að mörgu leyti, með því að tryggja okkur sæti sjálfstæðrar þjóðar, efla atvinnulífið og rjúfa einangrun landsins til þess að halda byggð í landinu. Þetta hafa allt verið mjög mikilvæg og nauðsynleg verkefni fyrir stjórnvöld að sinna.

Fjölskyldan eins og börnin býr yfir ótrúlega mikilli aðlögunarhæfni. Stakkaskiptin í íslensku samfélagi hefðu ekki getað átt sér stað án sveigjanleika fjölskyldunnar. Það er því komið að því að fjalla sérstaklega um þarfir barna og fjölskyldna þeirra. Spor í þessa átt hafa nú þegar verið stigin og hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár væri eitt skref enn í þá átt.

Forsvarsmenn Barnaheilla telja að uppeldi barna og réttindi þeirra hafi nú um alllangt skeið verið töluvert ábótavant hér á landi og tími sé komin til að staldra við og huga betur að velferðar- og réttindamálum barna og ungmenna þessa lands. Hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár teljum við vera **jákvæða breytingu** fyrir velferð og réttindi þorra ungmenna hér á landi sem annars staðar og muni vera styrkur fyrir fjölskyldur landsins.

Reykjavík 20.11.96

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla.

---

Kristín Jónasdóttir, framkv.stjóri.



1

Þessi afstaða kom skýrt fram á ráðstefnu á Möltu um fjölskylduna sem undirrituð sótti fyrir um tveim árum síðan á ári fjölskyldunnar 1994. En Barnaheill hlaut, ásamt fjórum öðrum, félagasamtökum styrk frá Landsnefndinni um Ár fjölskyldunnar til að sækja ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjölskylduna. Ein af meginspurningum ráðstefnunnar var: Hvernig ber að efla fjölskylduna? Flestir fyrirlesararnir töldu það nauðsynlegt að jafna stöðu kynjanna til að efla mátt fjölskyldunnar. Gagnkvæm virðing kynjanna leiddi til gagnkvæmrar virðingar á milli fjölskyldumeðlima, ekki síst gagnvart barninu. **Heilbrigði fjölskyldunnar væri best varðveitt ef gætt væri til jafns að réttindum og skyldum allra meðlima fjölskyldunnar. Konunnar, karlmansins og barnsins.**

10. desember 1996

Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri  
Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu  
Arnarhvali við Ingólfsstræti  
150 Reykjavík

Með tilvísunar til fyrirspurna dómsmálaráðuneytisins til Geðlæknafélags Íslands um álit á því hvað það teldi eðlilegan sjálfræðisaldur unglinga, og hver væri afstaða þess til umræðunnar um hækkun hans úr 16 árum í 18 ár.

Í tíð fyrri stjórnar var spurning þessari vissulega þegar svarað, og þá á þann veg að ofangreind hækkun væri talin óþörf.

Erindi þessa bréfs er að staðfesta að stjórn Geðlæknafélagsins vill að vandlega íhuguðu máli endurskoða afstöðu þessa og lýsa yfir stuðningi við hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár.

Til þessa hníga fjölmörg rök. Ekki einasta er sjálfræðisaldurinn 18 ár í flestum nágrannalöndunum og eðlilegt að við högum málum hér á landi til samræmis við það. En í meginatriðum eru rök þau að um 16 ára aldur er einstaklingurinn enn á viðkvæmu mótunar- og þroskaskeiði, bæði líkamlega og síðast en ekki síst sálrænt og félagslega. Allt hjask, af hvaða toga sem er, á þeim aldri er talið geta haft talsvert alvarlegar afleiðingar og í sumum tilvikum langvinnar. Hver maður þarfnast enn á þessum aldri, bæði sérstaks skilnings, stuðnings og aðhalds, bæði heima fyrir og í víðara samhengi, og í fæstum tilvikum getur það talist ákjósanlegt að á hann sé lagt það álag að ráða öllum ráðum sínum sjálfur.

Alveg sérstaklega á þetta við í þeirri margbrotnu samfélagsgerð og umróti sem við nú búum við um þessar mundir, sem veldur í mörgum atriðum viðsjárverðara umhverfi en fyrrum, eins og vart þarf að tíunda.

Þegar um 18 ára aldur hafa einstaklingarnir að öðru jöfnu þroskaðri og styrkari varnarhætti og orðnir jafnvægari og ábyrgari, og mun minni áhætta er þá tekin með veitingu fulls sjálfræðis og minni líkur á neikvæðum afleiðingum slíks.


Stjórn Geðlæknafélagsins telur því að framangreind hækkun hafi ótvíræð fyrirbyggjandi áhrif í geðlæknisfræðilegum skilningi og dragi úr líkum á að alvarlegar geðrænar persónuleikaraskanir eða geðsjúkdómar blossi upp, þótt fleira þurfi að koma til.

Okkur virðist ennfremur að mörg félagsfræðileg og siðfræðileg rök skarist við hin geðfræðilegu og styðji framangreint sjónarmið. Loks má geta þess að torvelt er að sjá að <sup>það</sup> hann eigi að þurfa að valda neinum óþægindum eða hindrunum á þroskabraut og í lífsbaráttu ungs fólks nema síður sé.

Stjórn Geðlæknafélagsins styður því hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Geðlæknafélags Íslands

  
Magnús Skúlason  
varaformaður

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
innk.: 20 DES. 1996
Málsnr.: 96060155
Bréтал.: 163-6